



HRUNAMANNAHREPPUR

42. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 11. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. NÓVEMBER 2017

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 2. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, umsagnarbeiðni sýslumannsins á Suðurlandi vegna rekstarleyfa fyrir veitingu og gistingu í Félagsheimili Hrunamanna. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Íþrótt- og tómstundafulltrúi Hrunamannahrepps: Kynning.
2. Drög að fjárhagsáætlun 2018-2021. (Fyrri umræða)
3. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2018.
4. Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2018.
5. Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimilið 2018.
6. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2018.
7. Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2018.
8. Gjaldskrá vatnsveitu 2018.
9. Gjaldskrá fráveitu 2018.
10. Gjaldskrá mótuneytis 2018.
11. Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2018.
12. Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug.
13. Gjaldskrá og fjárhagsáætlun Hrunaljóss.
14. Umhverfisstofnun: Friðlýsing þjórsárvera.
15. Stígamót: Ósk um styrk.
16. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna rekstarleyfis gististaðar, Dalbær 2.
17. Lýsing Iðubrúar á Hvítá: Beiðni um styrk.
18. Lögmenn Suðurlandi: Ásastígur 4b, forkaupsréttur.
19. Markaðsstofa Suðurlands: Framlenging á samstarfssamningi.
20. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps: Skipulagsauglýsing.
21. Samstarfssamningur um uppbyggingu reiðvega og reiðvegafé við Hestmannafélagið Smára.
22. Endurskoðun sameiginlegar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi: Tilnefning fulltrúa.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

23. Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Fundargerð ráðsins frá 12. október s.l.
24. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar frá 13. september s.l.
25. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 18. fundar nefndarinnar frá 24. október s.l.
26. Umhverfisnefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 22. október s.l.
-liggur frammi á fundinum-
27. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 18. fundar nefndarinnar frá 24. október s.l.
28. Skólanefnd: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 31. október s.l.
-liggur frammi á fundinum-

29. Skólanefnd: Fundargerð 18. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 31. október s.l.
-liggur frammi á fundinum-
30. Skólanefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 31. október s.l.
-liggur frammi á fundinum-
31. Veitustjórn: Fundargerð 21. fundar nefndarinnar frá 30. október s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

32. Fundargerð 142. fundar Skipulagsnefndar frá 12. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 4. október s.l.
Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
33. Fundargerð 143. fundar Skipulagsnefndar frá 27. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 18. október s.l.
Mál nr. 23: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
34. Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 46. fundar stjórnar stjórnar frá 27. október s.l.
35. NOS: Fundargerð frá 29. september s.l.
36. NOS: Aðalfundur frá 20. október s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 524. fundar stjórnar frá 4. október s.l.
- b. SASS: Fundargerð 525. fundar stjórnar frá 18. október s.l.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 182. fundar stjórnar frá 18. október s.l.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 256. fundar stjórnar frá 19. júní s.l.
- e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 257. fundar stjórnar frá 31. ágúst s.l.
- f. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 258. fundar stjórnar frá 21. september s.l.
- g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 259. fundar stjórnar frá 29. september s.l.
- h. Fagráð Tónlistarskóla Árneseinga. 183. Fundur fagráðs frá 2. október s.l.
- i. Fagráð Tónlistarskóla Árneseinga. 184. Fundur fagráðs frá 23. október s.l.
- j. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 18. fundar fagráðs frá 29. september s.l.

Kynningarmál:

- k. Refaveiði 2017: Yfirlit.
- l. Úttekt á öruggi opinberra vefja.
- m. Samtök ferðarþjónustunnar: Vörugjöld bílaleigubíla og skoðun á skattbyrði bílaleigufyrirtækja.
- n. Almannaþingarátt í Hrunamannahreppi.
- o. Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla: Ályktun.
- p. Hrunamannvegur: Gildistaka deiliskipulagsbreytinu.
- q. Umhverfisstofnun: Magn úrgangs 2018-sundurliðun gagna.
- r. Ísland ljóstengt- byggðastyrkur 2018.
- s. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Undralandi.
- t. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með úttekt á Flúðaskóla.
- u. Samband íslenskra sveitarfélaga: Staða persónuverndarmála- upplýsingar til sveitarfélaga október 2017.

Fundir framundan:

- v. Skólaþing sveitarfélaga: Hilton Reykjavík Nordica 6. nóvember nk.
- w. Umhverfisstofnun: 20. ársfundur 9. nóvember á Akureyri.
- x. Skóla- og velferðarþjónusta Árneseinga: Opið hús í Hveragerði 17. nóvember n.k.
- y. Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands: Kynningafundur um málefni EBÍ 1. desember á Selfossi.

Skýrslur á skrifstofu:

- z. Markaðsstofa Suðurlands ses: Ársreikningur 2016

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

- Íþrótt- og tómstundafulltrúi Hrunamannahrepps: Kynning.**

Árni Þór Hilmarsson íþrótt- og tómstundafulltrúi Hrunamannahrepps mætti á fundinn og kynnti starf sitt. Fór hann m.a. fyrir fundi sem hann hefur átt með Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Bláskógabyggð um samstarf í þessum málaflökki. Sveitarstjórn þakkar Árna Þór fyrir góða kynningu og fagnar frekari viðræðum við nágrannasveitarfélög um samstarf á þessu sviði. Árna Þór falið að vera fulltrúi Hrunamannahrepps í þeim viðræðum.
- Drög að fjárhagsáætlun 2018-2021. (Fyrri umræða)**

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2018-2021 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Sveitarstjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 2018. **Helstu forsendur eru:** Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um 45 milljónir frá áætlun 2017. Gert er ráð fyrir að framlög úr **jöfnunarsjóði** hækki um 1 milljón frá áætlun 2017. **Fasteignaskattur** er byggður á bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2018. Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignaskattur um 15%. **Álagningarhlutföll** ársins 2018 vegna fasteignagjalda verða óbreytt frá árinu 2017 að öðru leyti en því að álagningarhlutfall í A-flokki lækkar úr 0,59 í 0,54. Lóðaleiga verði áfram 0,5% af fasteignamati. **Gjaldskrár** hækki almennt um 2,7% í samræmi við verðlagshorfur. **Rekstur einstakra málaflökka var yfirfarinn** með hliðsjón af áætlun síðasta árs og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin til. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi tillögum. **Önnur atriði:** Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður – rekstur:** Til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði en til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr 84,7 millj. aðallega vegna ljósleiðara, íþróttasvæðis, gatnakerfis, fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 20 millj. vegna þessara fjárfestinga. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni (A og B) að fjárhæð kr. 65,7 millj.

Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti sveitarstjórn að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum og þau atriði sem þarf að skoða sérstaklega á milli umræðna.
- Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2018.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2018. Lagt er til að álagning verði 14,52 % sem er sú sama og var á síðasta ári. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2018.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarhlutfall fasteignaskatta fyrir árið 2018. Lagt er til að álagningarhlutfall verði óbreytt frá fyrra ári nema í A-flokki þar sem það lækkar úr 0,59 í 0,54. Álagningarhlutfall 2018 verður því í A-flokki 0,54%, B-flokki 1,32% og í C-flokki 1,32%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
- Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimilið 2018.**

Oddviti lagði fram tillögu að 2,7% hækkun á gjaldskrá fyrir Félagsheimilið. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna. Ný gjaldskrá tekur gildi 1. janúar 2018.
- Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2018.**

Oddviti lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2018. Sveitarstjórn samþykkir að laun sveitarstjórnarmanna, annarra en oddvita, lækki úr 8% af þingfararkaupi í 6% á mánuði en laun oddvita verði eins og áður 50% af grunnlaunum sveitarstjóra. Varamaður í sveitarstjórn fær 3% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund. Að öðru leyti hækka þóknanir fyrir nefndarstörf um 2,7%.

7. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2018.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2018. Gert er ráð fyrir að jafnaði 8-10% hækkun frá síðasta ári sem er tilkomin vegna mikillar aukningar á magni sorps og kostnaði við meðhöndlun og eyðingu. Sorphirðugjald íbúðarhúsa verði óbreytt kr. 15.000 vegna grátunnu en vegna blátunnu hækkar gjaldið úr kr. 6.200 í kr. 6.900. Sorpeyðingargjald íbúðarhúsa verði kr. 21.500, vegna frístundahúsa kr. 19.100 og atvinnuhúsnæðis kr. 49.100. Sérstakt aukasorpgjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 10%. Leiga á gámum og blátunnukörum hækkar um 2,7%.
Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá umhverfisnefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
8. **Gjaldskrá vatnsveitu 2018.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir vatnsveitu. Gjaldskrá vatnsveitu vegna íbúðarhúsnæðis verður óbreytt 0,25% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 35.200 eða um 2,7%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 55.000. Fast vatnsgjald í frístundahús hækkar um 2,7% og verður kr. 35.200. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Heimæðagjöld hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 2,7%.
Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
9. **Gjaldskrá fráveitu 2018.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu. Gjaldskrá vegna fráveitu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati og hámarksgjald íbúðarhúsnæðis hækkar úr kr. 52.000 í 55.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður hækkað um 2,7% í kr. 213.600. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr. 8.600 og hækkar um 2,7%. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 2,7%.
Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
10. **Gjaldskrá mótuneytis 2018.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir mótuneyti Flúðaskóla, Undralands, Heimalands og skóladagheimilis. Gert er ráð fyrir að verð á hressingu í Flúðaskóla hækki úr kr. 75 í kr. 77 og skólamáltíð hækki úr kr. 350 í kr. 360 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins. Í leikskólanum Undralandi hækki gjald fyrir hádegisverð úr kr. 330 í kr. 340, morgunhressing hækki úr kr. 72 í kr. 73 og síðdegishressingu úr kr. 109 í kr. 112. Þá er lagt til að tímagjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 317 í kr. 326, gjald fyrir máltíð úr kr. 114 í kr. 117. Máltíð vegna Heimalands og annarra hækki úr kr. 575 í kr. 600. Lagt er til að allar þessar breytingar taki gildi þann 1.janúar nk.
Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá skólanefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.
11. **Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2018.**
Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjuviðmið hækka um 2,7%. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.
12. **Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús. Þar er gert ráð fyrir að stök gjöld hækki um 14%, kort fyrir fullorðna hækki um 2,7% en kort fyrir börn hækki ekki. Aðrar hækkanir eru um 2,7% nema leiga á íþróttasal verður óbreytt milli ára. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna sem tekur gildi 1. janúar 2018.
13. **Gjaldskrá og fjárhagsáætlun Hrunaljós.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá og fjárhagsáætlun fyrir Hrunaljós. Gert er ráð fyrir að tengigjald fyrir tengistað sem nýtur styrks frá Fjarskiptasjóði verði kr. 250.000 með vsk en tengigjald þar sem viðkomandi nýtur ekki styrks frá Fjarskiptasjóði verði 250.000 með vsk auk kostnaðar við lagningu ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað. Stofngjald verður innheimt þegar framkvæmdir byrja á viðkomandi svæði og heimilt verður að skipta því niður á 8 mánuði. Þá er gert ráð fyrir að mánaðarlegt áskriftargjald verði kr. 3.000 með vsk.

Gjaldskráin hefur verið kynnt fyrir veitustjórn. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og tillögu að fjárhagsáætlun og tekur gjaldskráin þegar gildi.

14. Umhverfisstofnun: Friðlýsing Þjórsárvera.

Oddviti kynnti ákvörðun umhverfisráðherra um stækkun friðlands í Þjórsárverum. Sveitarstjórn er sammála því að friðland í Þjórsárverum verði stækkað en lýsir undrun sinni á þeim flýti sem var viðhafður við undirskrift friðlýsingarinnar af hálfu umhverfisráðherra. Sveitarstjórn ítrekar einnig að nauðynlegt sé að fjármagn fylgi verkefninu af hálfu ríkisins og að umsjón og eftirlit verði eftt á svæðinu og sú starfssemi verði vistuð í sveitarfélagi sem aðild á að friðlandinu.

15. Stígamót: Ósk um styrk.

Oddviti kynnti bréf frá Stígamótum þar sem þau biðja um styrk fyrir reksturinn árið 2018. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000 sem verði tekið af deild 0281.

16. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna rekstarleyfis gististaðar, Dalbær 2.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Klettholts ehf um rekstarleyfi vegna gistingar í Dalbæ 2. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

17. Lýsing Iðubruar á Hvítá: Beiðni um styrk.

Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna lýsingar Iðubruar. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

18. Lögmenn Suðurlandi: Ásastígur 4b, forkaupsréttur.

Oddviti kynnti beiðni frá Lögmönnum Suðurlandi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastíg 4b skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastíg 4b í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4098 skv. samþykktum kaupsamningi og afsali í eignina.

19. Markaðsstofa Suðurlands: Framlenging á samstarfssamningi.

Oddviti kynnti beiðni frá Markaðsstofu Suðurlands um framlengingu á samstarfssamningi til 3 ára. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samninginn um eitt ár og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

20. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps: Skipulagsauglýsing.

Oddviti kynnti beiðni skipulagsfulltrúa um umsögn við endurskoðun á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps.

21. Samstarfssamningur um uppbyggingu reiðvega og reiðvegafé við Hestmannafélagið Smára.

Oddviti kynnti drög að samstarfssamningi um uppbyggingu reiðvega og reiðvegafé við Hestmannafélagið Smára vegna áraanna 2018-2020. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

22. Endurskoðun sameiginlegar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi: Tilnefning fulltrúa.

Oddviti kynnti beiðni verkefnisstjórnar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi um tilnefningu fulltrúa í hóp vegna endurskoðunar á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn tilnefnir Kolbrúnu Haraldsdóttur sem fulltrúa Hrunamannahrepps í hópinn.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

23. Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Fundargerð ráðsins frá 12. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Ungmennaráðs Hrunamannahrepps frá 12. október s.l. Þar voru ýmis mál rædd og fulltrúar Ungmennaráðs Suðurlands kynntu handbók ungmennaráða. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

24. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar frá 13. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar ferða- og menningarnefndar frá 13. september s.l. Umræðuefni fundarins var verslunarmannahelgin 2017 en fulltrúar sveitarfélagsins og viðbragðsaðila sátu fundinn. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

- 25. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 18. fundar nefndarinnar frá 24. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um tillögu að fjárhagsáætlun þeirra málaflokka sem nefndin fjallar um fyrir árið 2018. Þá var samþykkt að Uppskeruhátíðin verði haldin 1. sept. á næsta ári og hún verði með svipuðu sniði og undanfarin ár. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 26. Umhverfisnefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 22. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar umhverfisnefndar. Þar var fjallað um fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs 2018 og tillögur SOS í úrgangsmálum kynntar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 27. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 18. fundar nefndarinnar frá 24. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar landbúnaðarnefndar frá 24. október s.l. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir málaflokkinn 2018 og álagning fjallskila fyrir árið 2017 rædd. Rætt var um kostnað og tekjur á fjallskálum og endurnýjun afréttargirðingar.
Lagt var til að álagning fjallskila fyrir árið 2017 verði með þeim hætti að eigendur lögbýla greiði áfram 1,3% af landverði en gjald fyrir vetrarfóðraða verði kr. 85. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að álagningu fjallskila fyrir árið 2017 og fundargerðina að öðru leyti.
- 28. Skólanefnd: Fundargerð 18. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 31. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 31. október s.l. Farið var yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Þá var farið yfir tillögu að gjaldskrá fyrir mötuneyti og skólavistun og hún samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
Skólanefnd: Fundargerð 19. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 31. október s.l.
Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 31. október s.l. Ingibjörg kynnti skýrslu leikskólastjóra. Farið var yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og fjallað um gjaldskrá leikskólans og mötuneytis þar sem lagt er til að vistunargjöld verði óbreytt milli ára en 2,7% hækkun á gjaldskrá fæðis. Þá var rætt um vistunarmál og könnun meðal foreldra um lengri opnunartíma leikskólans en leikskólinn getur brugðist við í byrjun dags með því að taka á móti börnum kl. 7:45 og kl. 8:45. Þá var tekin fyrir beiðni um vistun 12. mánaða barns og hún samþykkt.
Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði sú breyting á gjaldskrá og opnunartíma leikskólans að boðið verði upp á vistun frá kl. 7:45 og kl. 8:45 og vistunargjald hækki sem þeim tíma nemur. Þessi breyting tekur gildi frá og með 1. janúar 2018. Sveitarstjórn samþykkir síðan fundargerðina að öðru leyti.
- 29. Skólanefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar vegna æskulýðsmála frá 31. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar skólanefndar vegna æskulýðsmála frá 31. október s.l. Farið var yfir tillögu að fjárhagsáætlun 2017 fyrir málaflokkinn. Þá mætti á fundinn Árni Þór Hilmarsson íþróttá- og tómsfundafulltrúi og kynnti starf sitt.
Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
- 30. Veitustjórn: Fundargerð 21. fundar nefndarinnar frá 30. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar frá 30. október s.l. Lagt var fram stöðuyfirlit vatnsveitu og fráveitu og tillaga að fjárhagsáætlun 2018, tillaga gerð að gjaldskrá vatns- og fráveitu Hrunamannahrepps 2018, farið yfir fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2018 og tillaga að gjaldskrá fyrir hana. Þá var lögð fram til kynningar tillögur að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir Hrunaljósi. Farið var yfir drög að samningi milli Hitaveitu Flúða og Flúðaorku ehf um tilraunaverkefni um sölu á heitu vatni úr Kópsvatnsholunni til rafmagnsframleiðslu og rætt um útsendingar á reikningum og framkvæmdir við Kópsvatnsholuna.
Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitunnar hækki almennt um 2,7% en heimæðagjöld hækki ekki.
Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þær gjaldskrár og gjaldskrárbreytingar sem lagðar voru til. Þá samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra og

veitustjóra að ræða við Flúðaorku ehf um þær megin samningsforsendur sem þarf að fallast á til að framhald verði á þessu verkefni.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

31. **Fundargerð 142. fundar Skipulagsnefndar frá 12. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 4. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 142. fundar skipulagsnefndar frá 12. október s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. október.
32. **Fundargerð 143. fundar Skipulagsnefndar frá 27. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 18. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 143. fundar skipulagsnefndar frá 27. október s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 23: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. október.
33. **Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 46. fundar stjórnar stjórnar frá 27. október s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 46. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um hvort söfnun seyru eigi að vera á forræði sveitarfélagana, fjárhagsáætlun 2017 og 2018 og ráðning starfsmanns á tæknisviðið.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
34. **NOS: Fundargerð frá 29. september s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð NOS frá 29. september s.l. Þar var farið yfir stöðu greininga í skólum á starfssvæði SVÁ, tekin ákvörðun um dagsetningu á aðalfundi, farið yfir fjárhagsáætlun 2018 og ný aðstaða SVÁ í Hveragerði skoðuð.
Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
35. **NOS: Aðalfundur frá 20. október s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð aðalfundar NOS frá 20. október s.l. Þar var farið yfir skýrslu stjórnar um starfssemi liðins árs, ársreikning 2016, fjárhagsáætlun 2018 og opið hús í starfsaðstöðu SVÁ í Hveragerði þann 17. nóvember s.l.
Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

36. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi. Umsóknir um rekstrarleyfi vegna veitinga í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar forstöðumanns Félagsheimilisins á Flúðum f.h. Hrunamannahrepps um rekstrarleyfi vegna veitinga í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **SASS: Fundargerð 524. fundar stjórnar frá 4. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 525. fundar stjórnar frá 18. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 182. fundar stjórnar frá 18. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 256. fundar stjórnar frá 19. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 257. fundar stjórnar frá 31. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 258. fundar stjórnar frá 21. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 259. fundar stjórnar frá 29. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Fagråd Tónlistarskóla Árneseinga. 183. Fundur fagráðs frá 2. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Fagråd Tónlistarskóla Árneseinga. 184. Fundur fagráðs frá 23. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- j. Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 18. fundar fagráðs frá 29. september s.l.**

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- k. Refaveiði 2017: Yfirlit.**

Lagt fram til kynningar.

- l. Úttekt á öryggi opinberra vefja.**

Lagt fram til kynningar.

- m. Samtök ferðarþjónustunnar: Vörugjöld bílaleigubíla og skoðun á skattbyrði bílaleigufyrirtækja.**

Lagt fram til kynningar.

- n. Almanna- og vörnarmál í Hrunamannahreppi.**

Lagt fram til kynningar.

- o. Samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla: Ályktun.**

Lagt fram til kynningar.

- p. Hrunamannvegur: Gildistaka deiliskipulagsbreytinu.**

Lagt fram til kynningar.

- q. Umhverfisstofnun: Magn úrgangs 2018-sundurliðun gagna.**

Lagt fram til kynningar.

- r. Ísland ljóstengt- byggðastyrkur 2018.**

Lagt fram til kynningar.

- s. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með úttekt á Leikskólanum Undralandi.**

Lagt fram til kynningar.

- t. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Eftirfylgni með úttekt á Flúðaskóla.**

Lagt fram til kynningar.

- u. Samband íslenskra sveitarfélaga: Staða persónuverndarmála-upplýsingar til sveitarfélaga október 2017.**

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- v. Skólaþing sveitarfélaga: Hilton Reykjavík Nordica 6. nóvember nk.**

Lagt fram til kynningar.

- w. Umhverfisstofnun: 20. ársfundur 9. nóvember á Akureyri.**

Lagt fram til kynningar.

- x. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna: Ópið hús í Hveragerði 17. nóvember n.k.**

Lagt fram til kynningar.

- y. Eignarhaldsfélag Brunabótafélag Íslands: Kynningafundur um málefni EBÍ 1. desember á Selfossi.**

Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- z. Markaðsstofa Suðurlands ses: Ársreikningur 2016.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:35.-